



Taka gildi 13. nóvember 2017

Skilmálar einstakra innlánsreikninga

Landsbankinn hf. | Nr. 1503-07 | September 2017

Framtíðargrunnur - óverðtryggður

Stofnun

- » Óverðtryggður Framtíðargrunnur er ætlaður einstaklingum á aldrinum 0-18 ára.
- » Hægt er að stofna óverðtryggðan Framtíðargrunn fram til 18 ára aldurs.

Binditími

- » Allar innborganir á Framtíðargrunn eru bundnar til 18 ára aldurs reikningseiganda.
- » Öll innstæða losnar við upphaf þess mánaðar sem viðkomandi verður 18 ára.

Ávöxtun

- » Innborganir bera vexti frá innborgunardegi og að útborgunardegi (inn- og útborgunardagar bera ekki vexti).
- » Vextir leggjast við höfuðstól um áramót og við eyðileggingu eftir binditíma.
- » Áfallnir og bókaðir vextir bindast til 18 ára aldurs með sama hætti og aðrar innborganir.

Innborgun

- » Framtíðargrunnur lokast fyrir innborgunum þegar eigandi hans verður 18 ára.

Aðrir skilmálar

- » Að öðru leyti gilda [Almennir skilmálar um stofnun og notkun innlánsreikninga](#).

Framtíðargrunnur - verðtryggður

Stofnun

- » Verðtryggður Framtíðargrunnur er ætlaður einstaklingum á aldrinum 0-18 ára.
- » Ekki er hægt að stofna verðtryggðan Framtíðargrunn á einstakling sem náð hefur 15 ára aldri vegna binditíma.

Binditími

- » Allar innborganir á verðtryggðan Framtíðargrunn eru bundnar til 18 ára aldurs reikningseiganda.
- » Innborganir sem gerðar eru eftir að reikningseigandi hefur náð 15 ára aldri eru bundnar í 3 ár frá innborgunardegi, nema innborganir séu í samræmi við samning um reglubundinn sparnað.
- » Eftir 18 ára aldur er innstæðan laus í einn mánuð, eftir það er hún bundin á ný í fimm mánuði, er síðan aftur laus í einn mánuð o.s.frv., sbr. reglur Seðlabanka Íslands um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár nr. 492/2001.

Ávöxtun

- » Innborganir bera vexti frá innborgunardegi og að útborgunardegi (inn- og útborgunardagar bera ekki vexti).
- » Vextir leggjast við höfuðstól um áramót og við eyðileggingu eftir binditíma.
- » Áfallnir og bókaðir vextir og verðbætur bindast til 18 ára aldurs með sama hætti og aðrar innborganir.
- » Verðbætur eru færðar í lok hvers mánaðar og bindast eins og binditími reikningsins kveður á um.

**Innborganir**

- » Framtíðargrunnur lokast fyrir innborgunum þegar eigandi hans verður 18 ára.

Aðrir skilmálar

- » Að öðru leyti gilda [Almennir skilmálar um stofnun og notkun innlánsreikninga](#).